

**Fundargerð háskólaráðs**  
**362. fundur 20. ágúst 2015**  
**í fundaherbergi 262, Borgum, kl. 13.20 – 16.15**

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 13.20.

Mættir voru auk hans:

Hermína Gunnþórsdóttir, fulltrúi háskólasamfélagsins  
Óskar Þór Vilhjálmsson, fulltrúi háskólasamfélagsins  
Berglind Guðmundsdóttir, fulltrúi FSHA  
Finnbogi Jónsson, fulltrúi háskólaráðs  
Erla Björg Guðmundsdóttir, varafulltrúi háskólaráð, í síma

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir, ritari rektors

Gestir:

Ólafur Halldórsson, framkvæmdastjóri  
Sigrún Lóa Kristjánsdóttir, verkefnisstjóri fjármálasviðs  
Sigrún Stefánsdóttir, forseti hug- og félagsvísindasviðs  
Birna María Svanbjörnsdóttir, forstöðumaður miðstöðvar skólaþróunar  
Kristjana Hákonardóttir, verkefnastjóri á markaðs- og kynningarsviði

Rektor kynnti dagskrá.

**1. Fundargerð síðasta fundar upprifjun, mál til kynningar**

- stjórnvaldsáskvarðanir rektors frá síðasta fundi
- innritunartölur, yfirlit dagsett 18. ágúst
- umsókn um heimild til að bjóða upp á doktorsnám við HA

**2. Rekstraryfirlit janúar-júlí, rekstrarhorfur 2015-2016**  
*1505011*

Ólafur Halldórsson sat fundinn undir þessum lið. Gerði hann grein fyrir yfirlitinu.

Rekstrarstaða háskólans í heild er 56,97% af áætlun en viðmiðið er 58.33%.

Í kjölfar kjaradóms í málum BHM má búast við auknum útgjöldum um 20-25 mkr. á árinu. Þess er vænst að framlag á aukafjárlögum brúi þann

kostnað. Markmiðið er hallalaus rekstur í árslok.

Með fjárlögum fyrir 2016, sem koma í september, verður ljóst hvaða fjármagn háskólanum er ætlað á því ári. Háskólaráð mun þá fjalla um málið.

### **3. Starfsmannamál**

Rektor upplýsti háskólaráð um óvenju mikla veikindafjarveru í upphafi þessa skólaárs.

### **4. Auglýst störf við HA, umsóknir um störf**

Rektor gerði grein fyrir yfirliti um laus störf, fjölda umsókna og ráðningum sem hafa verið ákveðnar.

### **5. Skipun Vísindaráðs**

*1502044*

Tilfningar í Vísindaráð eru eftirfarandi:

Hug- og félagsvísindasvið:

*Elín Díanna Gunnarsdóttir* – til vara Guðmundur Heiðar Frímannsson.

Heilbrigðisvísindasvið:

*Ragnheiður Harpa Arnardóttir* – til vara Stefán B. Sigurðsson.

Viðskipta- og raunvísindasvið:

*Rannveig Björnsdóttir* – til vara Steingrímur Jónsson.

Fulltrúar nemenda eru:

*Eyrún Halla Eyjólfsdóttir* – til vara Birgir Marteinnsson.

Af hálfu rektors eru tilnefnd:

*Þóroddur Bjarnason, formaður vísindaráðs* – rektor mun tilnefnda varamann

*Joan Nymand Larsen* – til vara Bjarni Gautason

Rektor mælist til að vísindaráði verði falið að fylgja eftir faglegum þætti umsóknar um heimild til doktorsnáms við HA, í samskiptum við matsnefnd um doktorsnámsumsóknir.

Einnig verði vísindaráði falið að gera tillögur að leiðum til að auka rannsóknir við HA.

Háskólaráð samþykkti þetta.

## **6. Byrjendalæsi, málflutningur í fjölmiðlum í dag.**

Sigrún Stefánsdóttir, forseti hug- og félagsvísindasviðs, Birna María Svanbjörnsdóttir, forstöðumaður miðstöðvar skólaþróunar og Kristjana Hákonardóttir, verkefnastjóri, komu á fundinn.

Rætt var um fréttáflutning í fjölmiðlum í dag, sem varðar árangur af Byrjendalæsi í grunnskólum. Háskólaráði voru kynnt viðbrögð háskólans við fréttáflutningnum, þar sem gert var ráð fyrir blaðagreinum og reynt að koma okkar málstað í sem flesta miðla.

Sigrún, Birna María og Kristjana fóru af fundinum.

## **7. Áætlun um jafna stöðu kynjanna við HA 2014-2018, til samþykktar**

Frestað.

## **8. Lykiltölur**

Sigrún Lóa Kristjánsdóttir kynnti lykiltölur háskólans 2013 og svaraði fyrirspurnum um þær.

Háskólaráð mun ákveða hvaða lykiltölur verða notaðar sem mælikvarðar fyrir starfsemi háskólans. Það tengist m.a. stefnumótunarvinnu sem er framundan.

Háskólaráð þakkaði Sigrúnu Lóu fyrir og fór hún af fundinum.

## **6. Stefnumótun HA 2017-2022**

Rætt var um æskilega nálgun að stefnumótunarvinnunni.

Ákveðið var að fá óháðan, þar til hæfan ráðgjafa til að funda með háskólaráði tvo daga, 26. og 27. nóvember, til að móta verklagið fyrir stefnumótunarvinnuna. Rektor undirbýr fundinn.

## **7. Fundaáætlun háskólaráðs**

Næsti fundur háskólaráðs verður 17. september kl. 13-16 .

## **8. Fundargerð fundarins samþykkt**

Fundargerð verður samþykkt í tölvupósti milli funda. Fundi slitið kl. 16.15.